

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs Akureyrar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sverris Ragnars, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 90.000 og réttargæslustefnda, Kaupfélagi Eyfirðinga, kr. 45.000 í málskostnað, hvort tveggja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. febrúar 1975.

Nr. 136/1972. **Dánarbú Vigfúsar Jóns Einarssonar**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Bræðrunum Ormsson h/f

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir **Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson**
og **Magnús P. Torfason.**

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Vigfús Jón Einarsson lést hinn 23. nóvember 1973, og hefur dánarbú hans tekið við aðild máls þessa samkvæmt 2. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936.

Afrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. september s. á. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 47.780.94 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 1. ágúst 1969 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál þar, en hann fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 25. apríl 1973.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns hans, kr. 30.000, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, dánarbú Vigfúsar Jóns Einarssonar, greiði stefnda, Bræðrunum Ormsson h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns hans, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1971.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 5. september 1970.

Stefnandi málsins er Vigfús Einarsson rafvirki, Stórholti 23 hér í borg.

Stefndi er Bræðurnir Ormsson h/f hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 47.780.94 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 1. ágúst 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

II.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi verið við vinnu hjá stefnda frá því um miðjan október 1968 og fram til júliloka 1969. Hann hafi orðið óvinnufær vegna veikinda 17. maí — 14. júní 1969 og 23. júní — 10. júlí sama ár. Samkvæmt 12. gr.

samnings nokkurra verkalyðsfélaga við Vinnuveitendasambandið um vinnu við Búrfellsvirkjun frá 24. febrúar 1967 hafi atvinnurekanda borið að greiða iðnaðarmönnum sjúkdómskostnað, læknishjálp og full laun í allt að fjórum vikum í hverju sjúkdómstílfelli, sem orsakast við vinnu, þ. e. þegar menn veikjast á vinnustað. Þegar veikindi hans hófust, hafi hann verið staddur á vinnustað og hafði unnið við afleit vinnuskilyrði, kulda og dragsúg. Stefnandi kveðst ekki hafa fengið greitt eins og honum bar samkvæmt þessu ákvæði. Þá krefst hann þess, að stefndi greiði sjúkrakostnað og fæðispeninga og auk þess ógreitt orlof.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Vangoldin laun vegna veikinda 17. maí — 14. júní 1969 að viðbættu orlofsfé	kr. 16.305.73
2. Vangoldin laun að viðbættu orlofsfé vegna veikinda 23. júní — 10. júlí 1969	— 17.125.35
3. Sjúkrakostnaður	— 933.00
4. Fæðispeningar	— 9.000.00
5. 7% orlof af kr. 18.250.00	— 1.277.50
6. Vangoldið kaup	— 3.079.36

Samtals kr. 47.780.94

III.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda teknir til athugunar.

Um 1. Krafa um vangoldin laun vegna veikinda 17. maí — 14. júní 1969.

Stefnandi kveðst hinn 17. maí 1969, er hann var við vinnu sína við Búrfellsvirkjun, hafa fengið aðkenningu að slagi.

Telur stefnandi, að vinnuskilyrði hafi verið slæm, þegar hann veiktist. Hann segir, að verkfall hafi verið í síðari hluta aprílmánaðar 1969 og hafi það tekið til rafvirkja við Búrfellsvirkjun. Fyrir verkfallið hafi stöðvarhúsið, þar sem stefnandi vann, yfirleitt verið hitað upp. Eftir verkfallið, sem stefnanda minnir, að hafi lokið 29. apríl, hafi ekki verið um kyndingu á vinnustaðnum að ræða. Hafi þetta haft í för með sér, að dragsúgur hafi verið á vinnustaðnum. Þeir rafvirkjarnir hafi m. a. unnið að tengingu stjórnskápa og vegna þrengsla við verkið hafi þeir oft ekki getað klætt sig eins og skyldi.

Í málinu liggur frammi vottorð Magnúsar Skúlasonar, cand. med. á Borgarspítalanum, dags. 28. maí 1969. Þar segir svo: „Vigfús Jón Einarsson hefur legið á lyflækningadeild Borgarspítalans

síðan 17/5 sl. Hann útskrifast í dag, 28/5 1969, en er ráðlagt að hvílast í tvær vikur til viðbótar.“

Í málinu liggur frammi vottorð, dags. 27. júlí 1969, svohljóðandi:

„Það er rétt, sem greinir í skýrslu lækna á Borgarspítalanum, að Vigfús Einarsson vann að tengingu stjórnskápa við afleit vinnuskilyrði, kulda og dragsúg, þegar hann veiktist að Búrfelli hinn 17. maí 1969. Honum var ekið rakleiðis frá Búrfelli að Borgarsjúkrahúsinu.

Trúnaðarmaður:

Sveinn Björnsson

Jóhannes Bjarni Jónsson

Guðmundur Sigurbergsson.“

Vottorðsgjafinn Guðmundur Sigurbergsson vélvirki hefur hér fyrir dómi 6. október 1971 lýst vottorð þetta rétt, en vitnið kveðst hafa verið sarfsmaður hjá stefnda sumarið 1969 og hafa unnið m. a. við Búrfellsvirkjun. Vitnið ók stefnanda frá Búrfellsvirkjun og á Borgarsjúkrahúsið í Reykjavík, daginn sem stefnandi veiktist, eins og frá greinir í vottorðinu. Vitnið segir, að stefnandi hafi unnið í stöðvarhúsinu, sem hafi verið opið í annan endann. Segir vitnið, að sums staðar hafi verið þrengsli við að komast að þeim verkefnum, sem stefnandi þurfti að leysa af hendi við tengingu stjórnskápa.

Eftir að stefnandi veiktist 17. maí, var hann frá vinnu til 14. júní. Hann heldur því fram, að stefnda sé skylt að greiða honum full laun á þessu veikindatímabili, þ. e. í 4 vikur. Skírskotar hann í því sambandi í fyrsta lagi til 12. gr., sbr. 33. gr. svokallaðs Búrfellssamnings og í öðru lagi til 1. gr., 4. gr. og 7. gr. laga nr. 16/1958 og í þriðja lagi til 13. gr. samnings milli Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, skammstafað FLRR, og Félags íslenskra rafvirkja, skammstafað FÍR, en stefnandi er félagsmaður í síðastgreindu félagi.

Búrfellssamningurinn, sem undirritaður var 24. febrúar 1967, er milli Verkamannasambands Íslands, Málmiðnaðar- og skipasmíðasambands Íslands, Sambands byggingamanna og fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Árnessýslu vegna Verkalýðsfélagsins Þórs, Selfossi, Járniðnaðarmannafélags Árnessýslu og Félags byggingariðnaðarmanna í Árnessýslu og Félags íslenskra rafvirkja annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Fosskrafts s/f hins vegar.

Nefnt ákvæði Búrfellssamningsins er svohljóðandi:

„12. gr. Um greiðslu launa í slysa- og veikindatilfellum.

Slasist verkamaður vegna vinnu eða flutnings til og frá vinnu-

stað, skal hann halda óskertu kaupi eigi skemur en 7 virka daga. Verði ágreiningur um bótaskyldu vinnuveitenda, skal fara eftir því, hvort slysaftrygging ríkisins telur skylt að greiða bætur vegna slyssins.

Vinnuveitandi kostar flutning hins slasaða til heimilis eða sjúkrahúss, ef læknir telur slíkt nauðsynlegt.

Hafi verkamaður unnið samtals í 3 mánuði (450 klst.) eða lengur hjá sama atvinnurekanda, skal hann fá greidda 3 daga í veikindaförföllum. Hafi hann unnið í 4 mánuði (600 klst.) eða lengur, skal hann fá greidda 6 daga, rafvirkjar þó 8 daga. Í þessu sambandi skal vera fylgt sömu reglum um greiðslur og lög nr. 16/1958 mæla fyrir um.

Í veikinda- og slysatilfellum skal verkafólk, sem réttar nýtur skv. lögum nr. 16/1958, eiga auk ákvæða laganna rétt á allt að 14 daga kaupi.

Í þessu sambandi skal fylgt sömu reglum um greiðslur og framangreind lög kveða á um.

Greiða skal þeim iðnaðarmönnum, er lokið hafa sveinsprófi og samningur þessi tekur til, í slysa- og sjúkdómstilfellum, sem orsakast við vinnuna eða af henni, þar með talin slys á ferð að og frá vinnustað og hvers konar atvinnusjúkdómar, laun, sjúkdómskostnað og læknishjálp í allt að 4 vikur í hverju tilfelli, enda gangi dagpeningar slysatrygginga ríkisins til atvinnurekanda.

Um frekari greiðslur vegna slysa og eða veikindaforfalla fer eftir lögum nr. 16/1958.

Við vinnu, sem að dómi Öryggiseftirlits ríkisins er sérstaklega áhættusöm, skal atvinnurekanda skylt að slysatryggja rafvirkja fyrir upphæð, sem sé að minnsta kosti 100% hærrí en hin lögboðna slysatrygging.“

Stefnandi heldur því fram, að skilja beri orðalagið „sem orsakast við vinnuna eða af henni“ í 6. mgr. ofangreindrar 12. gr. á þann veg, að þar sé átt við það, þegar menn veikist á vinnustað. Stefnandi kveðst hafa verið staddur á vinnustað, þegar veikindi hans hófust, og kveðst hafa unnið við afleit vinnuskilyrði, kulda og dragsúg. Samkvæmt orðalagi 6. mgr. 12. gr. gildi því 4 vikna greiðsluskylda í tveimur tilvikum fyrst og fremst. Ljóst sé, að greiðsluskyldan gildi ekki aðeins, þegar beinlínis megi ætla eða færðar séu sönnur á, að vinnan hafi valdið veikindunum, heldur einnig í þeim tilvikum, þegar menn veikist á vinnustaðnum. Til samanburðar megi benda á, að veikindi, sem stafi af slysum á vinnustað eða á leið að eða frá vinnustað, veiti rétt til launa í 4

vikur, hver sem orsök slyssins sé. Hefur stefnandi bent á, að nefnt ákvæði Búrfellssamningsins sé sett vegna sérstakra vinnuaðstæðna og verði að skýrast með hliðsjón af því. Að því er fjárhæðir varðar, vitnar stefnandi til 4. gr. laga nr. 16/1958.

Jafnhliða því að styðja kröfur sínar við Búrfellssamning vísar stefnandi á 4. gr. laga nr. 16/1958, sem veiti með vissum skilyrðum rétt til 14 daga kaups í veikindatilfelium, og til viðbótar vísar hann til samnings FÍR og FLRR, en samkvæmt ákvæði, sem fyrst hafi komið í samninga haustið 1965, eigi rafvirkjar, sem uppfylli skilyrði laga nr. 16/1958, rétt á 14 daga veikindagreiðslu og auk þess rétt til 14 daga veikindagreiðslu, sem sömu lög veita. Stefnandi lítur svo á, að hann hafi fyllt upp skilyrði laganna um 1800 unnar vinnustundir hjá stefnda á seinustu 12 mánuðum, þegar fyrst komi til álita að greiða honum laun samkvæmt þessum ákvæðum. Hann telur engu máli skipta, þótt hann hafi ekki verið búinn að starfa hjá stefnda í 12 mánuði, þar sem ákvæðinu um 12 mánuði sé augljóslega ætlað að fyrirbyggja, að menn njóti réttar laganna, ef þeir hafi unnið 1800 stundir hjá sama vinnuveitanda á lengri tíma en 12 mánuðum, ella hefði ákvæðið verið orðað svo: Unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur, þar af í minnst 1800 stundir seinasta árið o. s. frv. Í ákvæðinu sé hins vegar ekki svo einfaldlega tekið til orða, heldur lögð á það megináhersla, að unnar 1800 klukkustundir skuli teljast eitt ár, ef þær séu unnar á minna en einu ári.

Að lokum rökstyður stefnandi þennan kröfufilið sinn með því, að samkvæmt 13. gr. samnings FLRR og FÍR sé uppsagnarfrestur af beggja hálfu, meistara og rafvirkja, einn mánuður, en öll ákvæði nefnds samnings eigi að koma stefnanda að góðu samkvæmt 33. gr. Búrfellssamningsins. Með því að hann þannig eigi rétt á mánaðar uppsagnarfresti, svo sem gert sé ráð fyrir í 1. gr. laga nr. 16/1958, eigi hann rétt á 28 daga veikindakaupi samkvæmt 4. gr. sömu laga svo sem 7. gr. sömu laga heimili.

Stefndi heldur því fram, að 4. gr. laga nr. 16/1958, sbr. 1. gr. sömu laga, hafi alla tíð verið túlkuð á þann veg, að fyrsta skilyrði til þess að njóta réttar samkvæmt þeim sé, að vinnusambandið hafi varað í minnst 12 mánuði. Ákvæðið um 1800 klukkustundir sé hins vegar sett til þess að tryggja þeim starfsmönnum, sem ekki hafi tryggð fulla vinnu, rétt hjá þeim vinnuveitanda, sem þeir hafa aðallega unnið hjá, er vinna nær ofangreindu marki. Hefur stefndi sérstaklega vitnað í þessu sambandi til athugasemda þeirra, sem fram komu með lagafrumvarpi að lögum þess-

um á sínum tíma. Í athugasemdum frumvarpsins um 1. gr. segi m. a.: „Í fyrstu málsgrein er launþega, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, veittur réttur til 1 mánaðar uppsagnarfrests frá störfum, ef hann hefur unnið hjá sama atvinnurekanda í 1 ár eða lengur.“ Stefndi heldur því fram, að víðar í athugasemdunum komi glöggt fram, að miðað sé við 12 mánaða tímabil. Í öðru lagi telur stefndi, að stefnandi hafi ekki unnið samtals 1800 vinnustundir, svo sem 1. gr. laga nr. 16/1958 geri ráð fyrir. Þá vísar stefndi til 10. gr. samnings FLRR og FÍR, en þar segi: „Í slysa- og sjúkdómstilfellum, sem orsakast af vinnunni, greiði viðkomandi meistari rafvirkja kaup samkvæmt 1. mgr. 1. gr. samnings þessa, allt að 4 vikum, svo og sjúkdómskostnað og læknishjálp.“ Þetta ákvæði hafi jafnan verið skilið þannig í þessum samningi, að þar væri einungis um að ræða slys við vinnuna eða atvinnusjúkdóma, svo sem eitrun margs konar. Þá hefur stefndi lagt fram í málinu svohljóðandi vottorð:

„Samkvæmt beiðni Einars Árnasonar hdl., vottast eftirfarandi: Ákvæði 7.1. í nágildandi kaup- og kjarasamningi milli Félags járníðnaðarmanna og Meistarafélags járníðnaðarmanna svohljóðandi:

„Í slysa- og sjúkdómstilfellum, sem orsakast við vinnuna, eða af henni, svo sem vegna hvers konar málmeitrunar, augnveiki, (sem orsakast af rafsuðugeislum) eða annarra atvinnusjúkdóma, þá greiði viðkomandi verkstæði kaup samkvæmt 1.1. og einnig sjúkdómskostnað og læknishjálp í allt að 4 vikum í hverju tilfalli, enda gangi dagpeningar Slysa-tryggingar ríkisins til atvinnurekanda. Vinnuveitendur geta krafist læknisvottorðs trúnaðarlæknis verkstæðisins í slysa- og sjúkdómstilfellum, þegar vinnuveitanda ber að greiða kostnaðinn.“

Svo og tilsvarendi ákvæði eldri samninga sömu aðilja hafa ágreiningslaust verið túlkuð á eftirfarandi hátt af oss:

Ákvæði þetta hefur jafnan verið skýrt á þann veg, að það taki aðeins til slysa og atvinnusjúkdóma, eða sjúkdóma, sem rekja má beinlínis til vinnunnar, sbr. orðalag hins tilvitnaða ákvæðis, en ekki til tilfallandi veikinda, svo sem influensu, kransæðastíflu, eða þ. u. l.

Reykjavík, 8. desember 1971.

Félag járníðnaðarmanna,

Guðjón Jónsson.

Meistarafélag járníðnaðarmanna,
Garðastræti 41,
Guðjón Tómasson.“

Stefndi mótmælir því alfarið, að stefnandi geti byggt rétt á 13. gr. samnings FLRR og FÍR, þar sem veikindadagar séu óháðir uppsagnarfresti, nema að því er sérákvæði 1. gr. laga nr. 16/1958 taki til.

Rétturinn lítur svo á, að skýra verði 6. mgr. 12. gr. Búrfells-samningsins á þann veg, að þar sé átt við slys, sem orsakast við vinnuna, eða sjúkdóma, sem verða af vinnunni, þ. e. atvinnusjúkdóma, eða sjúkdóma, sem rekja má beinlínis til vinnunnar. Verður að telja, að 3. mgr. nefndrar 12. gr. styðji þessa skýringu á ákvæðinu, enda hefur stefnandi ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að það hafi verið ætlan samningsaðilja, að margnefnt ákvæði skyldi veita starfsmönnum við Búrfellsvirkjun víðtækari rétt. Stefnandi hefur ekki sannað, að veikindi hans hafi orsakast við vinnuna, svo sem þetta ákvæði 6. mgr. 12. gr. Búrfellssamningsins hefur verið skýrt hér að framan. Getur hann því ekki byggt neinn rétt á þessu ákvæði samningsins.

Þá verður að fallast á það með stefnda, að stefnandi hafi ekki uppfyllt skilyrði 1. gr. laga nr. 16/1958, þar sem stefnandi hafði ekki unnið fulla 12 mánuði hjá stefnda, þegar hann veiktist, sbr. orðalag 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. og athugasemdir, sem fylgdu frumvarpi til laganna, þegar það var lagt fram á Alþingi.

Eigi verður á það fallist með stefnanda, að eins mánaðar uppsagnarfrestur, sem hann átti rétt á samkvæmt 13. gr. samnings FLRR og FÍR, veiti honum sjálfstæðan rétt til launa í veikindatífellum samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1958, sbr. 1. og 7. gr. laganna, enda gefur orðalag nefndra lagagreina ekki ástæðu til að skýra þau svo rúmt eins og stefnandi gerir kröfu til. Verður því að fallast á það með stefnda, að uppsagnardagar samkvæmt 13. gr. áðurgreinds samnings séu óháðir áðurgreindum ákvæðum laga nr. 16/1958.

Með því að stefndi þykir hafa sannað, að hann hafi þegar greitt stefnanda veikindakaup á umræddu veikindatímabili samkvæmt 3. mgr. 12. gr. Búrfellssamningsins, svo sem stefnda bar, verður krafa stefnanda samkvæmt þessum kröfulið ekki tekin til greina, og ber því að sýkna stefnda að því leyti.

Um 2. Krafa um vangoldin laun vegna veikinda 23. júní — 10. júlí 1969.

Stefnandi skýrir svo frá, að hinn 23. júní 1969 hafi hann fengið

heiftuga eyrnabólgu. Hann hafi þá verið staddur á vinnustað við vinnu sína við Búrfellsvirkjun.

Í málinu liggur frammi svohljóðandi vottorð:

„Vigfús Einarsson vann við raflagnir í dieselstöðvarhúsi við Búrfell, er hann veiktist 21. júní 1969. Meðan hann var hitaveikur annaðist hjúkrunarkona um hann og gaf „fúkka-lyf“ að ráði læknis Laugaráshéraðs, er hún hafði símasamband við.

Að ráði héraðslæknis fór hann síðan til meðferðar hjá eyrnasérfræðingi í Reykjavík, er hann var orðinn hitalaus.

Trúnaðarm.:

Samþykkir seinna vottorði:

Jóhannes Bjarni Jónsson

Eiríkur G. Gíslason

Sveinn Björnsson.“

Stefnandi hefur lagt fram í málinu vottorð Sigurðar Þorgrímssonar læknis, þar sem tilgreint er, að stefnandi hafi verið óvinnufær „vegna sjúkdóms“ 23. júní — 27. júní 1969. Einnig liggur frammi vottorð Guðmundar Eyjólfssonar læknis, þar sem því er lýst, að stefnandi hafi verið óvinnufær 28. júní — 10. júlí 1969 vegna eyrnabólgu.

Stefnandi styður kröfu sína um vangreitt kaup á þessu veikindatímabili sömu rökum og lýst hefur verið í kaflanum hér á undan.

Stefndi hefur, að því er veikindi þessi varðar, haft uppi sömu málsástæður og raktar voru í áðurnefndum kafla.

Með skírskotun til þess, sem rakið hefur verið í kaflanum hér að framan, ber að taka sýknukröfu stefnda, að því er þennan lið varðar, einnig til greina.

Um 3. Sjúkrakostnaður.

Stefnandi hefur ekki sundurliðað kröfu sína samkvæmt þessum lið, en hér virðist vera um að ræða lyfjakostnað og greiðslur til lækna.

Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæð kröfuliðs þessa, en telur, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann eigi rétt á að fá þennan kostnað greiddan nema í þeim tilfellum, sem 6. mgr. 12. gr. Búrfellssamningsins eigi við, en svo sé ekki í þessu tilfelli.

Svo sem fyrr er rakið í kaflanum um kröfulið 1, á stefnandi rétt á launum samkvæmt ofangreindum veikindum samkvæmt 3. mgr. 12. gr. Búrfellssamningsins. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki sannað, að í slíkum tilfellum eigi hann rétt á endurgreiðslu á útlögðum kostnaði fyrir lyf eða læknikostnað. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda samkvæmt þessum kröfulið.

Um 4. Fæðispeningar.

Stefnandi heldur því fram, að stefnda sé skylt að greiða honum fæðispeninga, á meðan hann var veikur. Fæðisdaga reiknar stefnandi þannig, að hann telur saman þá daga, sem hann var veikur, en dregur frá þá daga, sem hann var á sjúkrahúsi. Heldur stefnandi því fram, að samkvæmt þeim útreikningi eigi hann rétt á fæðispeningum í 30 daga. Þegar rafvirkjar við Búrfellsvirkjun voru í verkfalli og þurftu að kaupa fæði, hafi þeim verið reiknað það á kr. 300 á dag. Telur stefnandi, að stefnda beri að greiða honum kr. 9.000 (30x300) í fæðispeninga samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 16/1958, sem mælir svo fyrir, að starfsmenn skuli eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau séu greidd, en hann hafi haft frítt fæði samkvæmt 15. gr. Búrfellssamningsins.

Stefndi mótmælir kröfulið þessum með öllu. Heldur stefndi því fram, að stefnandi eigi ekki einu sinni rétt til að fá greidda fæðispeninga fyrir þá 16 daga, sem hann hafi átt rétt á veikindapeningum fyrir í áðurgreindum tveim veikindatilfellum.

Í 3. málslið 3. mgr. 12. gr. Búrfellssamningsins segir, að um greiðslur í veikindaforföllum, sem nefnd málgrein tekur til, skuli fylgt sömu reglum og lög nr. 16/1958 mæla fyrir um. Skýra verður þetta ákvæði á þann veg, að stefnandi skuli „eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd“, eins og orðað er í 4. gr. laganna. Óumdeilt er, að hluti af starfskjörum stefnanda var fólgin í fríu fæði. Samkvæmt því þykir stefnandi eiga rétt á greiðslu fæðispeninga fyrir 8 daga í hvoru veikindatilfelli, eða samtals 16 daga. Fjárhæð fæðispeninganna hefur ekki verið mótmælt sérstaklega. Verður hún því lögð til grundvallar. Verður krafa stefnanda, að því er fæðispeninga varðar, tekin til greina með kr. 4.800 (16 x 300), en með vísan til þeirra raka, sem greinir í kaflanum um kröfulið 1, þykir stefnandi ekki eiga rétt á frekari fæðisdagagreiðslum.

Um 5. Orlof, 7% af kr. 18.250.

Að því er varðar þennan kröfulið, vísar stefnandi til 5. gr. Búrfellssamningsins, sem fjallar um flutninga verkafólks, en aðiljar málsins eru á einu máli um það, að 5. gr. taki einnig til rafvirkja. Greinin er svohljóðandi:

„Starfsfólk það, sem vinnur að virkjunarframkvæmdum hjá Búrfelli, sér sér sjálft fyrir flutningi að og frá vinnustað og ferðast í eigin tíma. Á þetta bæði við um helgarflutninga og við upphaf og enda ráðningartímabils.

Til þess að mæta þessum ferðakostnaði úr óbyggðum, skal vinnuveitandi greiða hverjum starfsmanni kr. 630 á vinnuviku, eða hlutfallslega, sé um hluta úr viku að ræða.“

Stefnandi kveðst hafa fengið greiddan kostnað samkvæmt ákvæði ofangreindrar greinar, samtals kr. 18.250. Gerir hann kröfu til þess, að stefndi greiði honum 7% orlofsfé af nefndri fjárhæð, eða kr. 1.277.50. Vísar stefnandi til 7. gr. orlofslaga, en þar segir: „Nú er kaup greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum að öllu leyti eða einhverju, og greiðist þá orlofsfé af verðmæti þess, sem miðast við mat skattanefndar á hlunnindum þessum til tekna við síðustu ákvörðun tekjuskatts.“

Stefndi krefst sýknu af þessum kröfulið með þeim rökum, að hér sé í raun rétttri endurgreiðsla stefnda á útlögðum ferðakostnaði, sem orlof eigi ekki að greiða af samkvæmt 6. gr. orlofslaga, en í 1. mgr. nefndrar greinar segir: „Eigi skal reikna orlofsfé af greiðslum, sem ætlaðar eru til borgunar á sérstökum kostnaði vegna starfsins, t. d. ferðakostnaði og ekki teljast skattskyldar.“

Stefnandi heldur því fram, að 6. gr. orlofslaganna eigi hér ekki við, enda hafi honum verið gert að greiða skatta af fjárhæð þessari.

Í G lið 16. gr. reglugerðar um tekjuskatt segir: „Ef vinnuveitandi endurgreiðir starfsmanni ferðakostnað á þann hátt að greiða honum ákveðna fjárhæð fyrir hvern dag, teljast slíkir dagpeningar til skattskyldra tekna starfsmannsins, en til frádráttar skal leyfður beinn kostnaður vegna ferðarinnar, . . . “ Eigi er í ljós leitt, að stefnandi hafi haft fram að færa reikninga yfir beinan kostnað vegna ferðanna. Eins og málið liggur fyrir, verður því lagt til grundvallar, að öll fjárhæðin kr. 18.250, sem ekki hefur verið mótmælt tölulega, teljist öll til skattskyldra tekna stefnanda. Samkvæmt þessu er stefnda því skylt að greiða stefnanda orlofsfé sem svarar 7% af fjárhæðinni, eins og stefnandi hefur krafist. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að fullu.

Um 6. Vangoldið kaup.

Kröfu sína samkvæmt þessum liðum sundurliðar stefnandi þannig:

„Í 1. viku 1969 vantar:

Dv. 14	klst.	91/60	1.282.40
Ev. 2¼	—	133/70	301.00

Í 4. viku vantar

Nv. 2	klst.	165/30	330.60
-------	-------	--------	--------

Í 25. viku (17. júní) vantar
Dv. 9 klst. 107/10 963.90

7% orlof
2.877.90
201.46

Kr. 3.079.36“

Stefnandi heldur því fram, að honum hafi ekki verið greidd laun fyrir 1. janúar 1969, svo sem hann hafi átt rétt á samkvæmt 14. gr. Búrfellssamnings. Þá hafi hann ekki fengið greidd vinnulaun fram að hádegi 2. janúar sama ár. Er krafa hans fyrir þessa vinnu tilgreind í fyrstu tveim fjárhæðunum hér að ofan. Þá heldur stefnandi því fram, að stefndi skuldi honum 2 tíma í eftirvinnu, sem hann hafi unnið í 4. viku sama ár, kr. 330.60. Að lokum telur stefnandi, að hann eigi inni hjá stefnda greiðslu fyrir 17. júní sama ár, kr. 903.90.

Stefndi mótmælir þessum kröfulið í heild sem röngum. Hann bendir á, að stefnandi hafi fengið fulla greiðslu fyrir nýársdag 1969, sbr. dskj. nr. 11. Þá hafi stefnandi ekki byrjað vinnu eftir nefnd áramót fyrr en eftir hádegi 2. janúar. Vitnar stefndi í því sambandi til vottorðs Jóhannesar Bjarna Jónssonar, sem síðar verður rakið. Stefndi bendir á, að sú venja hafi verið hjá fyrirtækinu á vinnstöðum, að starfsmenn hafi skilað verkstjóra sínum útfylltum vinnuseðli með sundurliðun á, að hverju hafi verið unnið. Verkstjóri hafi útfyllt dagskýrslur um vinnutíma starfsmanna. Hafi verkstjóri ekki viðurkennt vinnutíma starfsmanns á vinnuseðli, komi þeir ekki fram á dagskýrslu. Ef ágreiningur reis, hafi slík ágreiningsefni verið leyst á vinnustaðnum og með atbeina trúnaðarmanns, ef þurfa þótti. Mótmælir stefndi því fjárhæðinni kr. 330.60 sem ósannaðri og auk þess hafi stefnandi ekki borið fram kvörtun um þessa vinnutíma fyrr en í júní 1970. Sú kvörtun verði að teljast allt of seint fram komin. Að lokum bendir stefndi á, að hann hafi þegar greitt stefnanda kaup fyrir 17. júní 1969, en án skyldu, sbr. dskj. nr. 15 og nr. 12.

Í málinu liggur frammi vottorð Ólafs Jóníussonar og Eiríks Garðars Gíslasonar, dagsett 8. desember 1971, svohljóðandi:

„Við undirritaðir, sem unnum hjá Bræðrunum Ormsson h.f. veturinn 1968-1969 við Búrfellsvirkjun vottum eftirfarandi:

Samkomulag var um það, að ekki skyldi unnið í dagvinnu milli jóla og nýárs 1968, en helgidagar skyldu engu að síður greiddir.

Vinna hófst samkvæmt samkomulagi þessu eftir hádegi hinn 2. jan. 1969.

Áætlunarbílar, sem fluttu verkamenn austur, fóru frá Reykjavík um kl. 9.00 þann 2. jan. 1969, en við fórum í bíl Eiríks G. Gíslasonar um svipað leyti og hófum vinnu á umsömdum tíma.“

Þá liggur einnig frammi vottorð Jóhannesar Bjarna Jónssonar, dagsett 11. nóvember 1971, svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Jóhannes Bjarni Jónsson rafv., Bergstaða-stræti 66, sem var trúnaðarmaður FÍR hjá Bræðrunum Ormsson h/f, við Búrfell á árinu 1969, votta eftirfarandi:

Samkomulag var um það við alla vinnuhópa á staðnum að fella niður vinnu milli jóla og nýárs 1968 án launa, en hins vegar voru greidd laun fyrir helgidagana samkvæmt samningum og venjum.

Vinna hófst aftur eftir hádegi 2. jan.

Laugardagurinn fyrir jól var unninn sem virkur dagur gegn fríi á Þorláksmessu.

Ágreiningsefni á vinnustaðnum voru yfirleitt leyst þar án erfiðleika.“

Telja verður, að stefndi hafi sannað, að hann hafi þegar greitt stefnanda kaup fyrir 1. janúar og 17. júní 1969. Stefnandi hefur ekki sannað, að til þess hafi verið ætlast, að hann skyldi vinna fyrir hádegi 2. janúar 1969, eða hann hafi boðið fram vinnu sína á þeim tíma. Verður stefnanda því ekki dæmd greiðsla fyrir þann hluta 2. janúar 1969. Fallast verður á það með stefnda, að kvörtun stefnanda um 2 næturvinnutíma í 4. viku 1969 hafi komið allt of seint fram. Þykir því, eins og á stendur, að taka beri sýknukröfu stefnda, að því er vinnulaun fyrir þessa tvo tíma varðar, þegar af þeirri ástæðu til greina. Svo sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

IV.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið í kafla III hér að framan, verður stefnda dæmt að greiða stefnanda kr. 6.077.50 (4.800.00 + 1.277.50) og ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, sem rétt þykir að reikna 8% ársvexti frá 1. ágúst 1969 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.500.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bræðurnir Ormsson h/f, greiði stefnanda, Vigfúsi Einarssyni, kr. 6.077.50 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1969 til greiðsludags og kr. 4.500 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. febrúar 1975.

Nr. 87/1973. Síldarvinnslan h/f
(Ólafur Ragnarsson hrl.)
gegn
Sv. B. Rude og gagnsök
(Hörður Ólafsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaraþeir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. maí 1973. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. ágúst 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ýmis ný gögn.

Af hálfu aðaláfrýjanda var ekki sótt þing í máli þessu í héraði. Hann hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma því málsástæður hans eigi til greina fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt því og þar sem fjárhæðir kröfu gagnáfrýjanda hafa ekki sætt andmælum, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.